

Skýrsla

félags- og húsnæðismálaráðherra um undirbúning og innleiðingu samþætts sérfræðimats.

Hinn 22. júní 2024 samþykkti Alþingi lög um endurskoðun örorkulífeyriskerfis almannatrygginga sem taka gildi 1. september nk. Með þeim verður horfið frá örorkumati eins og það er í dag og í staðinn tekið upp samþætt sérfræðimat. Í bráðabirgðaákvæði við lögin er kveðið á um að ráðherra skuli flytja Alþingi skýrslu um undirbúning innleiðingar samþætts sérfræðimats fyrir 1. maí nk. Skýrslunni verður í framhaldinu vísað til velferðarnefndar til umfjöllunar.

Samkvæmt lögum skal samþætt sérfræðimat byggt á hugmyndafræði sem liggur að baki ICF-flokkunarkerfinu, alþjóðlegu flokkunarkerfi um færni, fötlun og heilsu, og skulu niðurstöður þess segja til um getu viðkomandi einstaklings til virkni á vinnumarkaði. Hugmyndafræðin að baki ICF-flokkunarkerfinu gerir ráð fyrir að horft sé á færni einstaklings sem samspil milli heilsufars hans og aðstæðna. Með þessu leitast ICF við að draga upp heildstæða mynd af færni og takmörkunum einstaklingsins í raunverulegum aðstæðum. Færni einstaklingsins er skoðuð út frá því samfélagi sem hann býr í, án tillits til þess hvað olli skerðingunni sem hann býr við, hömlunum við athafnir eða takmörkunum á þátttöku.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir vinnu starfshóps sem þáverandi félags- og vinnumarkaðsráðherra skipaði í maí 2024 til að útfæra samþætta sérfræðimatið. Fjallað er um örorkumatið eins og það er í dag, hugmyndafræðilegum grundvelli ICF-flokkunarkerfisins er nánar lýst og útfærslu nýs samþætts sérfræðimats er síðan lýst skilmerkilega. Með skýrslunni fylgja tveir viðaukar sem starfshópurinn hefur unnið. Í viðauka I eru töflur yfir þau atriði sem líta skal til við samþætt sérfræðimat, kvarði og lýsingar og í viðauka tvö er tafla yfir leiðbeinandi viðmið um áhrif færnivanda.

Sett verður reglugerð um samþætt sérfræðimat og er vinna við hana er komin vel á veg. Prófanir á matinu hófust hjá Tryggingastofnun nú í apríl með þátttöku sjálfboðaliða úr hópi þeirra sem hafa verið metnir til örorku í janúar til og með mars í ár. Vinna stendur yfir hjá Tryggingastofnun við útfærslu á nýju matskerfi og nýrri umsókn um örorku. Jafnframt er verið að gera breytingar á upplýsingakerfum þjónustuaðila svo þau geti talað við matskerfi stofnunarinnar á skilvirkan hátt. Þá er verið að hann nýja aðstöðu í höfuðstöðvum Tryggingastofnunar fyrir samþætta sérfræðimatið. Hjá stofnuninni hefur enn fremur sett á fót nýtt svið þar sem nú er unnið nú höndum að því að móta nýja verkferla.

Til viðbótar þá er verið að útbúa handbækur um ferli vegna umsóknar um örorkulífeyri og samþætt sérfræðimat. Búið er að ákveða að það verði málastjórar sem haldi utan um málefni einstaklinga sem sækja um samþætt sérfræðimat, leiðbeina einstaklingnum í gegn um ferlið og halda honum upplýstum.

Námskeið hafa verið skipulögð fyrir starfsfólk Tryggingastofnunar um samþætta sérfræðimatið og framkvæmd þess og fleiri námskeið eru fyrirhuguð, bæði fyrir starfsfólk stofnana og þjónustukerfa sem að matinu munu koma.

Í breytingalögunum er kveðið á um endurskoðun á kerfisbreytingunum sem taka gildi 1. september nk. og skal ráðherra fyrir þann dag skipa starfshóp þriggja til fimm sérfræðinga sem greini áhrifin og meti hvort markmiðin með breytingunum hafi náðst. Starfshópurinn á að skila skýrslu til ráðherra fyrir 31. desember 2029. Í þeirri skýrslu á meðal annars að fjalla um innleiðingu laganna, áhrif þeirra á einstaka hópa, þróun útgjalda einkum vegna nýrra greiðsluflokka og árangur af samþættu sérfræðimati og samstarfi þjónustuaðila. Starfshópurinn getur á starfstíma sínum lagt fram tillögur til úrbóta ef svo ber undir.

Þá er einnig er mikilvægt að nýja samþætta sérfræðimatið verði rýnt sérstaklega, reglubundið og ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti, eins og kemur fram í skýrslunni. Í kjölfar slíkrar rýni yrðu gerðar breytingar eftir atvikum. Þannig verður betur tryggt að samþætt sérfræðimat endurspegli þróun innan málaflokksins og haldi gildi sínu til lengri tíma.

Í skýrslu þeirri sem birt er samhliða þessu þingskjali kemur fram að fjöldi sérfræðinga úr viðeigandi fagstéttum hefur komið að gerð matsins. Enn fremur er í skýrslunni bent á að endurskoðunarferli breytinganna, þar á meðal varðandi samþætta sérfræðimatið, er innbyggt í lögin. Því til viðbótar er í skýrslunni bent á nauðsyn þess að vakta sérstaklega hvernig til tekst með hið (gjör)breytta mat sem verður forsenda þess að fólk geti fengið örorkulífeyri. Samantekið má segja að mikill og vandaður undirbúningur hafi átt sér stað til þess að tryggja eins og kostur er að nýja samþætta sérfræðimatið verði faglegt, vandað og það framfaraskref sem það á að geta orðið.

Fylgiskjal.

Skýrsla félags- og húsnæðismálaráðherra um undirbúning og innleiðingu samþætts sérfræðimats.

www.althingi.is/alttext/pdf/156/fylgiskjol/s0429-f_I.pdf